



## **Kveðja frá forseta Íslands**

Lionshreyfingin hefur markað djúp spor í íslensku samfélagi og aukið hróður lands og þjóðar um víða veröld.

Með fórnfýsi og atorku hafa Lionsfélagar iðulega lyft grettistaki í þágu góðra málefna, komið sjúkum og öldruðum til aðstoðar, hjálpað ungu fólki að fóta sig í tilverunni og stuðlað að auknu sjálfstrausti og samvinnu, komið í höfn þörfum framkvæmdum í þágu velferðar og umönnunar.

Þjóðin hefur ætíð tekið höndum saman þegar Lionshreyfingin hefur haft forystu í brýnu verki og sá stuðningur sýnir vel traustið sem landsmenn bera til hreyfingarinnar.

Norræna söfnunin í þágu aldraðra sem allir þjóðhöfðingjar Norðurlanda studdu með formlegum hætti var einstaklega heilladrjúg og í fjölmörgum byggðarlögum um landið allt sjást þess glögg merki að fjármunirnir hafa komið að góðum notum.

Á alþjóðavettvangi hafa fulltrúar íslensku Lionsfélaganna notið virðingar fyrir störf sín og styrka stöðu hreyfingarinnar meðal þjóðarinnar. Þeir hafa verið öflugir fulltrúar á þingum og samkomum víða um heim og með framlagi sínu aukið veg okkar fámennu þjóðar á tímum vaxandi alþjóðlegra samskipta, aukið þekkingu forystufólks á Íslandi, þjóðlífi okkar og menningu.

Á merku afmælisári færi ég Lionshreyfingunni einlægar þakkir íslenskrar þjóðar og vona að við fáum um ókomna tíð að njóta þess góða starfs sem hjá Lions er unnið.

Það hefur verið mér í senn lærdómur og hvatning að fá að taka þátt í störfum ykkar á undanförunum árum og ég sendi ykkur vinarkveðjur og árnaðaróskir á þessum tímamótum.

(undirskrift)